



Fundur velferðar- og fræðslunefndar

32. fundur velferðar- og fræðslunefndar Langesbyggðar, aukafundur haldinn á skrifstofu Langesbyggðar að Langesvegi 2, **miðvikudaginn 3 desember 2025 kl. 14:00.**

Mætt voru: Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Jóhann Hafberg Jónasson, Sívía Jónsdóttir og Björn S. Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður spurði hvort athugasemdir væru við fundarboð, svo var ekki og var gengið til dagskrár.

Fundargerð

Velferðarmál:

1. Úthlutun íbúðar að Bakkavegi 23, íbúð B og úthlutun íbúðar við Miðholt 10, íbúð 104

01.1 Umsækjendur um íbúð við Bakkaveg 23 voru 4 umsækjendur. Umsóknarfrestur um íbúð við Miðholt rennur út 10. desember.

Bókun um afgreiðslu: Velferðar og fræðslunefnd samþykkir tillögu matsnefndar um úthlutun íbúðar B við Bakkaveg 23. Nefndin felur sveitarstjóra að úthluta íbúð 104 við Miðholt samkvæmt tillögu matsnefndar.

Samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál.

a) Úthlutunarreglur íbúða frá ýmsum sveitarfélögum.

Bókun um afgreiðslu: Nefndin felur Sívíu og Sigríði Friðný að setja saman reglur og ferli umsókna um íbúðir aldraðra, öryrkja og félagslegar íbúðir í sveitarfélaginu. Frumtillögur verði lagðar fyrir næsta fund nefndarinnar um miðjan janúar 2026.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 14:45